

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 24080008

Ákvörðun nr. 98/2025

Þann 31. október 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 98/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 9. ágúst 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis lögreglustjórans á Norðurlandi eystra. Fram kom að kvartandi hefði orðið var við tilvik og einnig fengið ábendingar um að embættið hafi bannað lögreglumönnum að hafa samband við hann þegar sakborningur óskar eftir tilnefningu verjanda eða þolendur eftir tilnefningu réttargæslumanns. Með viðbótarkvörtunum dags. 18. september og 15. nóvember 2024 greinir kvartandi frá fleiri tilvikum þar sem hann telur að embættið hafi reynt að koma í veg fyrir að hann yrði skipaður verjandi einstaklinga. Þá tekur hann einnig fram að honum hafi reynst erfitt að fá afrit af gögnum mála þar sem hann var tilnefndur verjandi.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á Norðurlandi eystra með bréfum dags. 25. nóvember 2024 og dags. 30. júní sl.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um

eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 3. júní 2025. Meðfylgjandi voru fjölmörg skjöl, skýrslur og afrit af samskiptum sem varða erindi kvartanda.

Í bréfi embættisins kemur m.a. eftirfarandi fram að því er varðar ofangreinda fullyrðingu kvartanda þess efnis að embættið hafi bannað lögreglumönnum að hafa samband við hann:

„[...] Þessari fullyrðingu [REDACTED] er einfaldlega vísað á bug. Sakborningar hafa heimild til að óska eftir tilteknum verjanda og almennt er orðið við þeirri ósk ef kostur er, það sama á við um brotaþola og réttargæslumenn. Á heimasíðu Lögmannafélags Íslands er að finna lista yfir lögmenn þar sem bæði er hægt að leita eftir nafni lögmanns eða sérhæfingu lögmanns. Sakborningar og brotaþolar eru upplýstir um þennan lista. Oft á tíðum kjósa sakborningar og brotaþolar frekar að nýta sér þjónustu lögmanna sem eru á svæðinu og því hefur embættið einnig lista yfir lögmenn, sem staddir eru á Akureyri eða í nágrenni, og taka að sér verjendastörf eða störf réttargæslumanna. Nafn [REDACTED] er á þeim lista.”

Úr bréfi embættisins vegna erindis kvartanda þess efnis að honum hafi reynst erfitt að fá afrit af gögnum segir eftirfarandi:

„[...] [REDACTED] heldur því fram að beiðnum hans um gögn mála hafi verið hafnað áður en yfirheyrslur hófust. Nú tíðkast það almennt ekki að afhenda gögn sakborningum og verjendum þeirra afrit af málsgögnum áður en til skýrslutöku kemur sérstaklega á frumstigum rannsóknar og það á [REDACTED] sem lögmanni og sem fyrrverandi [REDACTED] að vera kunnugt um. Lögreglu er sömuleiðis heimilt, með vísan til rannsóknarhagsmuna, að neita að veita verjanda aðgang að gögnum í allt að þrjár vikur frá því að þau urðu til eða komust í vörslu hennar, sbr. 1. mgr. 37. gr. Þetta var rétt við lögmanninn við fyrirtöku máls nr. [REDACTED] í HDNE þann 4. nóvember sl. og sýndi hann því þá skilning. Fulltrúi lögreglustjóra óskaði eftir því við rannsakara máls að [REDACTED] væru afhent gögn máls að lokinni fyrirtöku þann 4. nóvember 2024 en því miður fórst það fyrir. Lögmaður fékk gögn máls afhent þann 26. nóvember 2024.”

Ljóst er af gögnum málsins að kvartandi hafi tekið að sér verjandastörf fyrir einstakling sem er tengdur honum nánnum fjölskylduböndum. Bera gögnin með sér að samskipti kvartanda við embættið vegna starfa hans fyrir viðkomandi einstakling, hafi ekki gengið sem skyldi.

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kærú vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embættinu. Sem fyrr segir er ljóst af gögnum málsins að samskipti kvartanda við embættið hafi ekki gengið sem skyldi og virðist sök þess a.m.k. að nokkru leyti mega rekja til kvartanda sjálfs. Þrátt fyrir það væri embættinu óheimilt að útiloka viðkomandi lögmann frá verjandastörfum með skipulögðum hætti eða neita að afhenda honum gögn. Ekkert í gögnum málsins rennir hins vegar stoðum undir að svo sé. Þó er óheppilegt að dregist hafi að afhenda lögmanni rannsóknargögn í eitt tilgreint skipti en þar virðist vera um mistök að ræða sem bætt var úr.

Hins vegar gerir nefndin athugasemd við þá framkvæmd embættisins að gerð sé krafa til sakbornings að hann mæti í eigin persónu á lögreglustöð svo hann megi skipta um verjanda, sbr. 1. mgr. 34. gr. laga um meðferð sakamála en í málinu liggur fyrir undirrituð krafa sakbornings dags. 9. ágúst 2024, þess efnis. Starfsmaður embættisins taldi slíka kröfu, sem bæði var undirrituð og vottuð, ekki nægja til þess að kvartandi yrði tilnefndur verjandi sakbornings. Gerði hann þá kröfu að sakborningur kæmi niður á lögreglustöð og bæri fram umrædda ósk. Engin lagastoð er fyrir slíkum kröfum gagnvart sakborningum þegar þeir óska eftir að skipta um verjanda. Í samskiptum kvartanda við starfsmann embættisins kom einnig fram að heimild stæði ekki til tilnefningar verjanda þar sem rannsókn málsins væri lokið af hálfu embættisins og því væri ekki hægt að verða við beiðni um tilnefningu verjanda. Réttur sakbornings til þess að velja sér verjanda er verndaður af c-lið 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu auk 1. mgr. 34. gr. sml. Þá er skýrt af 3. mgr. 30. gr. sml að skipun verjanda var enn í gildi. Eitt af hlutverkum verjanda er að fara yfir fyrirbyggjandi gögn málsins og beina óskum um að tiltekna rannsóknaraðgerðir verði framkvæmdar, í samræmi við ákvæði 5. mgr. 37. gr. sml. Beinir nefndin því þeim tilmælum til embættisins að veita jafnt skriflegum sem munnlegum beiðnum sakborninga um val á verjanda jafnt vægi.

Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða beinlínis ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

V.

Niðurstaða

Nefndin beinir þeim tilmælum til embættisins að verða við skriflegum beiðnum sakbornings um val á verjanda.

Að öðru leyti er ekki tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 31. október 2025

Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25080008

Ákvörðun nr. 113/2025

Þann 31. október 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 113/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu bárust tvö erindi [REDACTED] framsend frá embætti ríkissaksóknara dags. 3. júní og 11. september 2025. Í fyrra erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir og framkomu starfsmanna lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu vegna afskipta sem höfð voru að kvartanda vegna gruns um ölvunarakstur þann 7. desember 2024. Fram kemur m.a. að kvartandi hafi verið stöðvuð fyrir akstur undir áhrifum áfengis, hún hafi sýnt samvinnu og blásið í áfengismæli og í kjölfarið færð á lögreglustöð þar sem taka átti úr henni blóðsýni. Kvartandi hafi þá óskað eftir því að fá að hringja símtal í föður sinn áður en sýnið yrði tekið en því hafi verið hafnað og var sýnið tekið með valdi. Þá kemur einnig fram að kvartandi hafi fengið aðra og mun hærri sektargerð en hún hafði þegar samþykkt.

Í seinna erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og starfsaðferðir starfsmanna lögreglustjórans á Austurlandi þegar afskipti voru höfð af kvartanda á heimili hennar þann 8. september 2025. Fram kemur að lögreglumenn hafi mætt á heimili hennar í kjölfar tilkynningar um að grátur og öskur hafi borist frá íbúð hennar. Þá gerir kvartandi einnig athugasemdir við að henni hafi verið meinað að leggja fram kvörtun þegar hún mætti á lögreglustöðina daginn eftir.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 20. ágúst sl. og einnig frá embætti lögreglustjórans á Austurlandi með bréfi dags. 29. september sl.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðsaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur

lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 8. september 2025. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins ásamt upptökum úr búkmyndavélum lögreglumanna af afskiptunum, auk tölvupóstssamskipta embættisins við kvartanda vegna greiðslu sektar.

Í bréfi embættisins kemur m.a. fram:

„[...]Kvartanda var boðið að gangast undir sátt. Var henni send sektargerð sem hún samþykkti með undirritun sinni. Stuttu síðar kom í ljós að gleymst hafði að setja sakarkostnað í sektargerðina og var henni því send ný sektargerð. Áttaði viðkomandi starfsmaður LRH sig ekki á að stjórnvald getur ekki breytt ákvörðun sinni hafi hún verið tilkynnt aðila máls sbr. 23. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Var gerð tilraun til að tilkynna kvartanda símleiðis um að mistök hefðu átt sér stað og biðja hana afsökunar á þeim óþægindum sem hún hafði orðið fyrir en ekki náðist í hana. Var þá sendur tölvupóstur þess efnis. Hefur hún greitt sektina. Lagði kvartandi fram erindi til umboðsmanns Alþingis sem hefur fengið upplýsingar og gögn málsins. Ekki hefur borist úrskurður frá umboðsmanni Alþingis.“

Lögreglustjórinn á Austurlandi svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 3. október 2025. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins ásamt upptökum úr búkmyndavélum auk hljóðupptöku af símtali til Neyðarlínu og samskiptum lögreglu gegnum fjarskipti. Gögn málsins bera með sér að tilkynnt hafi verið um grun um heimilisofbeldi í tvö önnur skipti sökum hávaða frá íbúð kvartanda. Einnig kemur fram að kvartanda hafi verið kynntur réttur sinn til að leggja fram kvörtun til nefndarinnar teldi hún tilefni til.

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og lögreglustjórans á Norðurlandi á Austurlandi.

Fyrra erindið

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embættinu. Af yfirferð nefndarinnar á meðfylgjandi upptöku er ljóst að kvartandi neitaði að blása í áfengismæli. Þá má einnig sjá þegar blóðsýni var tekið úr kvartanda með valdi þar sem hún streittist ítrekað á móti. Eftir að sýnið hafði verið tekið var kvartandi laus úr haldi en hún dvaldi þó áfram á lögreglustöðinni þar sem hún fékk að hlaða farsímann sinn. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Seinna erindið

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embættinu. Af yfirferð nefndarinnar á gögnum málsins er ljóst að tilkynning barst Neyðarlínunni um grát frá íbúð kvartanda, sem var síðan áfram send til fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra. Tilkynnandi vísaði einnig til þess að fyrr í vikunni hefðu öskur og rífrildi komið frá íbúðinni.

Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Lögreglumenn á vettvangi hafi aðeins verið að leitast við að tryggja öryggi kvartanda. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

V.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindanna.

Reykjavík, 31. október 2025

Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25080011

Ákvörðun nr. 114/2025

Þann 31. október 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 114/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 11. ágúst 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis lögreglustjórans á Norðurlandi eystra. Fram kemur að kvartandi hafi orðið fyrir harðræði við handtöku þegar hann var handtekinn að ósekju þann 4. ágúst sl., fyrir utan skemmtistað á Akureyri. Einnig kemur fram að kvartanda hafi verið meinað að hringja í forráðamenn en kvartandi er 16 ára.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á Norðurlandi eystra með bréfi dags. 20 ágúst 2025.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 9. október 2025. Meðfylgjandi voru skýrslur vegna málsins ásamt upptökum úr búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi og á lögreglustöð.

Í bréfi embættisins kemur m.a. fram:

„[...]Honum voru gefin skýr fyrirmæli um að bakka frá, fyrirmæli sem hann brást illa við og varð enn æstari. [...] var ógnað með varnarúða og á ný gefin fyrirmæli um að fara frá. var ekki að fyrirmælum lögreglu og rauk að lögreglubifreiðinni þar sem [...] sat en ekki var búið að loka dyrum bifreiðarinnar. Ákveðið var að handtaka fyrir að hlýða ekki fyrirmælum lögreglu. Er verið var að færa í lögreglutök var hann mjög æstur og reyndi að hlaupa frá lögreglu sem náði honum skömmu síðar þegar féll í jörðina. var tekinn lögreglutökum og handtekinn. Á lögreglustöð blés 1,42 % [...].“

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embættinu. Af upptökum er ljóst að mikill viðbúnaður var hjá lögreglu vegna slagsmála, ölvunar og margt fólk var á vettvangi. Þá truflaði kvartandi lögreglu ítrekað við störf sín, var mjög æstur og hreytti orðum að lögreglu. Hann var að lokum handtekinn fyrir að fara ekki að fyrirmælum lögreglu, sem hafði margsinnis óskað eftir því að hann „bakkaði frá“. Þegar komið var á lögreglustöð var rætt við kvartanda og í kjölfarið óskað eftir símanúmeri hjá forráðamanni sem hann kaus að gefa ekki upp. Samkvæmt skýrslu í málinu var hann látinn laus að skýrslutöku lokinni. Faðir hans var einnig viðstaddur skýrslutökuna í gegnum síma. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

V.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 31. október 2025

Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25080014

Ákvörðun nr. 115/2025

Þann 31. október 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 115/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 6. ágúst 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis lögreglustjórans á Norðurlandi eystra. Fram kemur að kvartandi hafi verið handtekinn þann 4. ágúst sl., fyrir utan skemmtistað á Akureyri. Kvartandi lýsir því að hann hafi orðið fyrir árás og lögregla mætt á vettvang í kjölfarið og rætt við hann. Lögreglan hafi síðan beðið kvartanda að bíða og þá hafi árásarmaðurinn veist aftur að kvartanda og hann brugðist við með því að ýta honum frá sér. Hann hafi þá verið handtekinn og settur í fangaklefa í nokkra klukkutíma án þess að hafa fengið ástæðu fyrir handtökunni eða verið kynnt réttindi sín.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á Norðurlandi eystra með bréfi dags. 20. ágúst 2025.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um

eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 9. október 2025. Meðfylgjandi voru gögn vegna málsins ásamt upptökum úr búkmyndavélum af vettvangi og lögreglustöð.

Í bréfi embættisins kemur m.a. eftirfarandi:

„[...] Eftir að [...] hafði gengið af vettvangi snéri hann til baka og gekk í áttina að [REDACTED] og rétti út hægri hönd til að taka í hendi [REDACTED]. [REDACTED] brást við með því að standa upp og slá [...] í andlitið með opnum lófa þannig að [...] féll aftur fyrir sig í jörðina. Við það var [REDACTED] handtekinn, færður í handjárn og fluttur á lögreglustöð. Eftir að búið var að ræða við [REDACTED] í fangaklefa var hann látinn laus og honum ekið á tjaldsvæðið þar sem hann gisti. Aðspurður kvaðst [REDACTED] ekki gera kröfu um að opinbert mál yrði höfðað gegn [...]. [...].“

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embættinu. Af upptökum er að ljóst að kvartandi slær harkalega frá sér með fyrrgreindum afleiðingum og er í kjölfarið handtekinn. Lögreglumaður kynnti honum réttarstöðu sína í lögreglubifreiðinni sem hann kvaðst þekkja. Einnig var búið að útskýra fyrir honum áður en hann var handtekinn að hann hefði réttarstöðu sakbornings. Í skýrslu vegna málsins kemur fram að kvartandi hafi verið vistaður í fangaklefa kl. 01:20 þar sem hann var fenginn til að lesa yfir upplýsingablað handtekinna manna og undirrita. Hann hafi svo verið látinn laus kl. 02:14. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

V.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 31. október 2025

Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25080016

Ákvörðun nr. 116/2025

Þann 31. október 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 116/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 21. júlí 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis lögreglustjórans á Austurlandi. Í erindinu kemur fram að kvartandi telji sig ekki hafa sætt réttlátri málsmeðferð hjá embættinu og verið ítrekað meinað að leggja fram kærur á hendur fyrrverandi sambýliskonu sinni. Þá gerir hann einnig athugasemdir við m.a. að hann hafi verið látinn undirrita nálgunarbann.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á Austurlandi með bréfi dags. 20. ágúst 2025

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Lögreglustjórinn á Austurlandi svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 26. ágúst 2025. Meðfylgjandi voru fjölmörg skjöl, skýrslur og afrit af samskiptum sem varða erindi kvartanda.

Í bréfi embættisins kemur m.a. eftirfarandi fram að því er varðar ofangreinda fullyrðingu kvartanda þess efnis að embættið hafi meinað honum að leggja fram kæru:

„[...] Visast, varðandi framhald þessara tölvupósta og ítrekað boð og hvatningu lögreglu til [REDACTED] um að hann mæti hjá lögreglu til formlegrar skýrslutöku, til meðfylgjandi dagbókarfærslu frá 20.08.2025 [...] þar sem [REDACTED] lögreglumaður, en [REDACTED] er af [REDACTED] ættum, ræddi símleiðis við [REDACTED] í 45 mínútur og skýrði fyrir honum hvaða mál heyrðu lögreglu til og hver ekki. Niðurstaða þess er sú að –

” ... [REDACTED] ætlaði í rólegheitunum að lista upp þau brot sem eru á alm. hegningarlögum ásamt nánari upplýsingum um staðsetningu, tíma, vitni og annað. Að því loknu ætlar [REDACTED] að hringja eða senda tölvupóst til lögreglunnar á Austurlandi og svo í kjölfarið að mæta í skýrslutöku hjá lögreglu til að leggja fram kæru.“

[REDACTED] hefur ekki verið í sambandi við lögreglu síðan.“

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á Austurlandi.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embættinu. Ekkert í gögnum málsins rennir stoðum undir erindi kvartanda, hvorki að honum hafi verið meinað að leggja fram kæru eða að hann hafi verið þvingaður til undirritunar á nálgunarbanni. Þvert á móti eru fjölmörg samskipti sem benda til þess að reynt hafi verið að liðsinna kvartanda með mál sín. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

V.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 31. október 2025

Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25080017

Ákvörðun nr. 117/2025

Þann 31. október 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 117/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 25. júlí 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þegar kvartandi var stöðvaður vegna gruns um ölvun við akstur aðfaranótt 13. júlí sl., og í kjölfarið handtekinn og færður á lögreglustöð. Athugasemdir eru gerðar við að honum hafi verið neitað um vatn og að fara á salernið þegar komið var á lögreglustöð en þar hafi honum verið haldið í klukkustund. Einnig að hann hafi verið sendur heim um miðja nótt með fyrirmæli um að ganga frá Hafnarfirði til Garðabæjar en hann hafi ekki verið í neinni yfirhöfn.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Lögreglustjórinn höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar dags. 8. september 2025. Meðfylgjandi voru skýrslur vegna málsins ásamt upptökum úr búkmyndavél lögreglumanns á vettvangi og úr eftirlitskerfi lögreglustöðvarinnar. Í skýrslu vegna málsins kemur fram að kvartandi hafi verið handtekinn kl. 02:45 og látinn laus kl. 03:11.

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embættinu. Ekkert í gögnum málsins rennir stoðum undir þær athugasemdir sem gerðar eru í erindinu en öll samskipti á lögreglustöð voru tekin upp í hljóði og mynd. Þá bera gögn málsins með sér að kvartandi hafi aðeins verið í haldi í tæpa hálfa klukkustund og hvorki óskað eftir vatni né salernisferð á meðan. Þá virðist kvartandi ekki hafa óskað eftir því að fá að hringja til að fá einhvern til að sækja sig heldur gengið heim til sín í Garðabæ frá lögreglustöðinni í Hafnarfirði. Þess ber að geta að atvik málsins áttu sér stað að sumri til. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

V.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 31. október 2025

Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25080021

Ákvörðun nr. 118/2025

Þann 31. október 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 118/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 21. ágúst 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þegar hún var handtekin þann 16. ágúst sl., í miðbæ Reykjavíkur. Fram kemur að hún hafi verið beitt harðræði við handtöku, ekki upplýst samstundis um ástæðu hennar og að lögreglumennirnir hafi gengið fram með yfirlæti og dónaskap. Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 26. ágúst 2025.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 9. september 2025. Meðfylgjandi voru skýrslur vegna málsins ásamt upptöku úr búkmyndavél lögreglu af afskiptunum.

Í skýrslu lögreglu vegna málsins kemur m.a. fram:

„Er við ókum niður Laugaveg að Bankastræti / Ingólfstræti, benti gangi vegfarandi okkur á stúlku er var þar á BMX reiðhjóli. Ásamt stúlku þessari var karlmaður sem við þekktum sem [...]. Þau voru bæði að sjá ölvuð eða undiráhrifum annarra efna. Aðspurð um reiðhjólið, kvaðst hún bara hafa verið á því í 1/2 mín og kvaðst ekki vita með eiganda þess og gaf í til kynna að það hafi bara legið þarna. Er við báðum stúlkuna um að gera grein fyrir sér, þá sagðist hún ekki þurfa þess og spurði um ástæðu. Henni var kynnt að henni bæri að skýra frá nafni og kennitölu, en það kom ekki þrátt fyrir að við ítrekuðum þetta fyrir henni. Var henni kynnt að ef hún skýrði ekki frá nafni, þá yrði hún handtekinn og færð á lögreglustöðu til frekar vinnu vegna þessa. Var hún beðin um að setjast inn í lögreglubifreiðina, sem hún hafnaði, en eftir að hafa ítrekað þetta nokkrum sinnum var hún færð í handjárn og síðan í lögreglubifreiðina. [...]“

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að meintu harðræði við handtöku og framkomu starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embættinu, sér í lagi upptöku úr búkmyndavél. Gögnin bera með sér að kvartandi hafi verið óróleg á vettvangi og illa áttuð. Með vísan til alls ofangreinds verður ekki talið að lögregla hafi beitt harðræði við handtökuna eða farið út fyrir þær heimildar sem þeim eru gefnar, sbr. m.a. 2. mgr. 4. gr. reglna nr. 1740/2022 um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

V.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 31. október 2025

Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25090004

Ákvörðun nr. 119/2025

Þann 31. október 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 119/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 1. september 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þegar afskipti voru höfð af henni við akstur þann 28. júlí sl. Fram kemur að númeraplötur hafi verið klipptar af ökutækinu án aðvörunar sökum þess að hún hafi ekki verið með aðalljósinn kveikt og filmur á framljósum.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með eftirfarandi bréfi dags. 26. september sl.

„Vísað er til erindis nefndar um eftirlit með lögreglu dagsett 15. september sl. þar sem kynnt er framkomið erindi [REDACTED]. Í erindi sínu kvartar [REDACTED] yfir því að númeraplötur hafi verið teknar af bifreið hennar þegar hún var að aka um með barn sitt í bifreiðinni. Hafi hún verið stöðvuð vegna næturljósra og að það hafi verið filmur í framljósum. Sagðist hún ekki hafa vitað að það væri ólöglegt og að hún hafi ekki verið búin að fá viðvörðun um það áður. Taldi hún mikið óhagræði vera fyrir sig og barn sitt að þurfa að útvega sér far með öðrum heim en hafi fengið að lokum eftir langt spjall, að aka bifreiðinni heim til sín. Kvartandi ók bifreiðinni sem er með skráningarmerkinu [REDACTED] 28. júlí sl. Var bifreiðin stöðvuð í akstri þar sem afturljós voru eigi tendruð eins og áskilið er í 34. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og einnig voru filmur yfir framljósum en það stangast á við 69. gr. sömu laga. Með henni í bifreiðinni voru eigandi bifreiðarinnar og barn þeirra. Eigandi bifreiðarinnar sagði í samtali við lögreglu á vettvangi að hann hefði farið með bifreiðina í skoðun hjá Frumherja í Keflavík. Það reyndist ekki vera rétt. Samkvæmt ökutækjaskrá þar sem hægt er að fá upplýsingar um stöðu á skoðunum bifreiða í rauntíma hafði hann ekki verið færður til skoðunar eins og hann hafði fengið boð um að gera þann 11. júní sl. Þann dag hafði lögregla afskipti af eigandi bifreiðarinnar og hún boðuð í skoðun þar sem filmur voru í rúðum að framan og á ljósum hennar. Var eiganda gefinn viku frestur til að fara með bifreiðina í skoðun. Sá frestur var liðinn þegar kvartandi var stöðvuð í akstri. Bifreiðin var færð til skoðunar 29. júlí sl. Ekki eru til upptökur vegna atvikanna þann 11. júní né 28. júlí sl. Með vísan til 6. mgr. 35. gr. a lögreglulaga nr. 90/1996 eru meðfylgjandi gögn málsins og upplýsingar um skoðanir bifreiðarinnar.“

Meðfylgjandi voru einnig skýrsla vegna málsins ásamt dagbókarfærslum.

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embættinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

eða á mælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

V.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 31. október 2025

Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25090005

Ákvörðun nr. 120/2025

Þann 31. október 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 120/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 13. september 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna lögreglustjórans á Suðurnesjum þegar afskipti voru höfð af honum við akstur sama dag. Fram kemur að lögregla hafi stöðvað hann að ástæðulausu, flutt hann yfir í lögreglubifreið og framkvæmt fíkniefnapróf. Kvartandi tekur fram að framkvæmdin hafi verið mjög ófagleg og sýnið hafi þar með verið ómarktækt. Þá hafi hann verið fluttur í handjárnnum á lögreglustöð á miklum hraða, þar sem hann var látinn gangast undir blóðsýnatöku sem var að hans mati, einnig ófaglega framkvæmd og þar af leiðandi einnig ómarktæk. Eftir blóðsýnatökuna hafi honum liðið mjög illa og svimað en lögreglan hafi virt hann að vettugi og komið fram við hann eins og glæpamann.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum með bréfi dags. 15. september 2025.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra

mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 25. september 2025. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins ásamt upptöku úr búkmyndavél lögreglumanns á vettvangi og eyewitness-kerfi lögreglubifreiðarinnar. Í bréfi embættisins kemur m.a. fram:

„[...]Kvartandi á sögu um að aka án réttinda og undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Þegar hann er stöðvaður var hann beðinn um að framvísa ökuskríteini sem hann getur ekki orðið við og er þá fenginn til viðræðna í lögreglubifreið. Þar er hann beðinn um að gefa munnvatnssýni sem kvartandi veitir. Samkvæmt upptöku er sýnatakan hefðbundin.[...]“

Þá kemur í dagbókarfærslu embættisins vegna málsins að [REDACTED] hafi samþykkt að gefa lögreglu munnvatnssýni til fíkniefnaprófunar sem hafi gefið jákvætt á THC.

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embættinu. Með hliðsjón af gögnum málsins, sér í lagi upptökum úr búkmyndavélum telur nefndin að þær athugasemdir sem gerðar eru við sýnatöku vegna fíkniefnaprófs eigi ekki við rök að styðjast. Þá kemur fram í gögnum að kvartandi hafi áður verið stöðvaður við akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna og án ökuréttinda. Þar sem kvartandi mældist jákvæður fyrir THC á vettvangi gerir nefndin ekki athugasemdir við það mat lögreglu að beita handjárnnum í umrætt sinn. Samkvæmt framangreindu telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996.

V.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 31. október 2025

Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25080010

Ákvörðun nr. 121/2025

Þann 31. október 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 121/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] og [REDACTED], dags. 16. ágúst 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þegar afskipti voru höfð af 15 ára syni þeirra þann 13. júlí sl. Fram kemur að sonur kvartenda hafi orðið fyrir leiðinlegu atviki þegar einstaklingur hafi gert lögreglu viðvart um meðferð hans á leikfangabyssu og hafi hún í kjölfarið haft afskipti af honum og hann handtekinn. Annars vegar er gerð athugasemd við að sonur þeirra hafi verið hafður í handjárnnum alla leið upp á lögreglustöð, þrátt fyrir að strax eftir handtöku hafi komið í ljós að um hættulaust leikfang hafi verið að ræða. Hins vegar að lögreglan á vettvangi hafi ítrekað óskað eftir kennitölu og aldri 15 ára sonar þeirra þar sem þeir hafi ekki trúað honum.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu dags. 20. ágúst 2025.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra

mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 9. september 2025. Meðfylgjandi voru gögn málsins, upptökur úr búkmyndavélum, upptaka úr dróna og verklagsreglur sem við eiga.

Í bréfi embættisins kemur m.a. fram:

„[...]Lögreglu barst tilkynning þann 13. júlí sl. frá einstaklingi sem var á Hafnarfjarðarvegi við Olís í Garðabæ. Sagði tilkynnandi að farþegi bifreiðarinnar hafi miðað skammbyssu á sig og að hann hafi svo sveiflað byssunni út um glugga bifreiðarinnar er hann [ók] af stað. Tilkynnandi taldi að um væri að ræða, litla svarta byssu, sem hann gat ekki staðfest [hvort] að væri raunveruleg byssa eða leikfangabyssa. Var dróni lögreglu settur í loftið og haft var samband við forráðamann ökutækisins sem um ræðir. Sagðist hann ætla að hitta lögregluna á bifreiðastæði við Kringlu. Lögreglumaður sem stjórnaði drónanum kom fljótlega auga á bifreiðina og fylgdi henni eftir. Sáust þrír menn koma gangandi að bifreiðinni og fjarlægðu rauðan poka úr aftursæti hennar og földu fyrir framan næsta bifreiðastæði. Þar sem grunur var um að mennirnir væru með vopn var sersveit ríkislögreglustjóra kölluð til aðstoðar og komu þeir á vettvang þegar lögreglumenn LRH voru búnir að tryggja aðila og setja í handjárn. Þegar lögreglumenn ríkislögreglustjóra höfðu gengið úr skugga um að leikfangabyssu væri að ræða fóru þeir af vettvangi. Voru ökumaður og farþegarnir tveir fluttir á lögreglustöðina á Hverfisgötu þar sem tekinn var af þeim vitnisburður og gerð skýrsla.

[...]. Voru þeir allir grunaðir um brot gegn vopnalögum nr. 16/1998, fyrir ógætilega meðferð skotvopna og án þess að hafa til þess tilskilin leyfi sbr. 13. gr. og 21. gr. vopnalaga. Eftirlíkingar skotvopna falla undir ákvæði vopnalaga.

[...]. Vopnaburður á almannafæri er litinn alvarlegum augum af lögreglu. Rauðir plastappar framan á hlaupi einkenna leikfangabyssur alla jafna en í þessu tilviki hafði hann verið fjarlægður.[...]“

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embættinu. Upptaka frá dróna sýnir þegar einstaklingar á vettvangi reyndu að koma sönnunargögnum undan. Af upptökum úr búkmyndavélum lögreglumanna er ljóst að ekki var framkvæmd öryggisleit á vettvangi og var sonur þeirra því hafður í handjárnnum þar til komið var á lögreglustöð. Framangreint verklag sækir heimild í 3. mgr. 4. gr. reglna nr. 1740/2022 um valdbeitingu lögreglu og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna, þar sem fram kemur að nota skuli handjárn ef fullnægjandi líkamsleit hefur ekki farið fram á einstaklingnum og ætla má að viðkomandi hafi í fórum sínum muni sem hafa sönnunargildi í máli eða muni sem leggja skal hald á. Eins og atvikum var hér háttað þar sem grunur var um alvarlegt brot gerir nefndin ekki athugasemdir við það mat lögreglu að beita handjárnnum í umrætt sinn. Þá kemur fram í verklagsreglum lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um afskipti lögreglu af börnum og ungmennum að ef nauðsynlegt reynist að handtaka ungmanni undir 18 ára beri lögreglu alltaf að láta foreldra og fulltrúa barnaverndar vita af handtökunni og hvetja þá til að koma á lögreglustöð án tafar. Var svo gert í þessu tilviki. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

V.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 31. október 2025

Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu